

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Úrskurður 1. september 2022

Mál nr. E-115/2022:

Guðrún María Valgeirsdóttir, Sigurður Jónas Þorbergsson, Finnur Sigfús Illugason, R3 ehf., Bryndís Jónsdóttir, Sigurður Baldursson, Sólveig Ólöf Illugadóttir, Kristín Þ Sverrisdóttir
(Guðmundur H. Pétursson lögmaður)

gegn

Skútustaðahreppur

(Jón Jónsson lögmaður)

Úrskurður

- Mál þetta sem var höfðað með stefnu birtri 29. apríl sl., var tekið til úrskurðar 17. ágúst sl. um frávísunarkröfu stefnda.
- Stefnendur eru Guðrún María Valgeirsdóttir, Sigurður Jónas Þorbergsson, Finnur Sigfús Illugason, R3 ehf., Bryndís Jónsdóttir, Sigurður Baldursson, Sólveig Ólöf Illugadóttir og Kristín Þ. Sverrisdóttir. Stefndi er Þingeyjarsveit (eftir sameiningu við Skútustaðahrepp), kt. [...], [...], Laugum.
- Stefnendur krefjast þess að viðurkenndur verði beinn eignaréttur stefnenda, að Varmaskiptastöð í Bjarnarflagi í Skútustaðahreppi, sem er fasteign merkt [...] með landnúmerið [...] og fastanúmer [...], ásamt öllu því sem henni fylgir og fylgja ber, til samræmis við skráðan hlutfallslegan eignarhlut þeirra sem landeigenda í óskiptu landi Reykjahlíðar, samkvæmt samningi við íslenska ríkið frá 18. mars 1971 um jarðhitaréttindi og síðari viðaukasamningum frá 1. júlí 1975 og 23. júní 1982.
- Þá gera stefnendur kröfu um með vísan til 28. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978, að dómari kveði á um það í úrskurði að þinglýsa megi stefnu málsins á Varmaskiptastöð í Bjarnarflagi í Skútustaðahreppi, fasteign merkt [...] með landnúmerið [...] og fastanúmer [...], á meðan dómsmál þetta er rekið uns dómur gengur um réttindi stefnenda.
- Þá krefjast stefnendur málskostnaðar.
- Stefndi krefst í þessum þætti málsins frávísunar þess frá héraðsdómi, auk málskostnaðar.

Málsatvik

- Málsatvik eru í stuttu máli þau að 18. mars 1971 gerðu eigendur Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi samning við íslenska ríkið um jarðhitaréttindi en áður hafði ríkið hafið undirbúning að vinnslu jarðgufu til raforkuframleiðslu í Námafjalli og þegar hafið

framkvæmdir við gufuveitu í Bjarnarflagi, en bæði þessi svæði eru í landi Reykjahlíðar sem og raforkuverið við Kröflu.

- 8 Með samningnum afhentu eigendur jarðarinnar Reykjahlíðar íslenska ríkinu til frjálsra umráða og ráðstöfunar jarðhitaréttindi í landi jarðarinnar, sem nánar var afmarkað í uppdráttum og landamerkjalyásingu sem fylgdi samningnum, ásamt jarðhita þeim sem þar var að finna og aðstöðu til mannvirkjagerðar til nýtingar hans. Ekki er um það deilt að stefndi hefur nú tekið við réttindum og skyldum íslenska ríkisins á grundvelli þessa samnings.
- 9 Sem endurgjald fyrir þau verðmæti skuldbatt íslenska ríkið sig, auk peningagreiðslu, til að byggja á sinn kostnað mannvirki fyrir afhendingu á heitu vatni frá varmaveitu í Bjarnarflagi að vesturmörkum jarðhitasvæðisins handa byggðahverfunum við Reykjahlíð og Voga við Mývatn. Jafnframt var tiltekið í samningnum að eigendur Reykjahlíðar skyldu fá allt að 20 l/sek af heitu vatni til ráðstöfunar fyrir hitaveitu við Reykjahlíð en 5 l/sek skyldi ríkið hafa til ráðstöfunar handa væntanlegri hitaveitu fyrir Vogahverfi. Síðar komu í ljós vandkvæði við rekstur hitaveitunnar sem rekja mátti til eiginleika heita vatnsins. Munu hafa verið gerðir a.m.k. tveir samningar milli eigenda Reykjahlíðar og íslenska ríkisins þar sem sá síðarnefndi féllst á að greiða tiltekinn kostnað af framkvæmdum við nauðsynlegar breytingar til að unnt væri að nota það vatn sem landeigendur áttu tilkall til á grundvelli ofangreinds samnings, til upphitunar. Á árinu 2003 eða 2004 reisti íslenska ríkið (Landsvirkjun) síðan nýja skiljustöð í Bjarnarflagi og hefur hitaveitan upp frá því verið varmaskiptastöð þar sem ferskvatn er hitað upp með umsömdu magni af heitu vatni frá jarðhitasvæðinu í landi Reykjahlíðar.
- 10 Í málinu deila aðilar um eignarhald á umræddri varmaskiptastöð í Bjarnarflagi. Stefnendur byggja í málinu á því að varmaskiptastöðin skuli teljast hluti þeirra mannvirkja sem stefnendur og aðrir sameigendur þeirra að landi Reykjahlíðar hafi fengið að endurgjaldi frá íslenska ríkinu fyrir jarðhitaréttindin. Stefnandi er hins vegar þinglýstur eigandi varmaskiptastöðvarinnar og telur sig hafa fengið hana afhenta til eignar frá íslenska ríkinu með bréfi iðnaðarráðuneytisins frá 21. mars 1986.
- 11 Tilgangur málshöfðunar þessarar af hálfu stefnenda er að fá eignarrétt sinn að varmaskiptastöðinni viðurkenndan.

Málsástæður stefnenda

- 12 Stefnendur eru átta af fjórtán landeigendum Reykjahlíðar, sem er jörð í óskiptri sameign. Stefnendur kveða samanlagðan hlut sinn í jörðinni vera samtals 81,2845%, sem skiptist í nánar greindum hlutföllum. Sex eigendur jarðarinnar hafa ekki látið málið til sín taka. Stefnendur segjast byggja viðurkenningarkröfu sína á því „að þeir njóti beins eignarréttar yfir Varmaskiptastöðinni, svo sem hún er tilgreind í dómkröfu, til samræmis við skráðan hlutfallslegan eignarrétt sinn í Reykjahlíðarjörð“. Aðrir landeigendur muni, sem eigendur Reykjahlíðar í óskiptri sameign, njóta góðs af því verði fallist á dómkröfur stefnenda í málinu.

- 13 Stefnendur byggja á því að stefndi, Skútustaðahreppur sé ranglega skráður þinglýstur eigandi Varmaskiptastöðvar í Bjarnarflagi, Skútustaðahreppi, merkt í fasteignabók [...], með fastanúmerið [...] og landnúmerið [...], en stöðin sé eitt mannvirkja Hitaveitu Reykjahlíðar, sem tilheyri stefnendum og öðrum sameigendum þeirra sem landeigendum Reykjahlíðar, en ekki stefnda.
- 14 Hitaveituna, hafi stefnendur fengið að endurgjaldi frá íslenska ríkinu gegn afhendingu á jarðhitaréttindum í landinu með samningi („jarðhitasamningnum“) sem gerður var hinn 18. mars 1971. Viðaukasamningar hafi verið gerðir við jarðhitasamninginn 1. júlí 1975 og 23. júní 1982, sem báðir hafi lotið að hitaveitunni, en hin umþrætta varmaskiptastöð hafi verið reist í kjölfar seinni viðaukans. Túlka beri jarðhitasamningana svo að hitaveitan ásamt öllum nauðsynlegum mannvirkjum til rekstrar hennar teljist vera svokölluð endurgjaldsverðmæti íslenska ríkisins til landeigenda. Þessi mannvirki séu því eign stefnenda og annarra landeigenda.
- 15 Landeigendur hafi síðan leigt stefnda hitaveituna samkvæmt leigusamningi 1. júlí 1971 („hitaveitusamningnum“). Með honum hafi stefndi tekið að sér rekstur og umráð hitaveitunnar sem leigutaki, en ekki eigandi. Tilkall stefnda til hitaveitunnar takmarkist við réttindi hans sem leigutaka.
- 16 Reglugerð um hitaveitu Reykjahlíðar nr. 432/1985, sem stefndi vísi til kröfu sinni um eignarrétt á varmaskiptastöðinni til stuðnings, breyti engu um framangreint, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 275/2017 þar sem skorið hafi verið úr sambærilegu álitafni. Hið sama eigi við um bréf iðnaðarráðherra til stefnda 21. mars 1986, þar sem Skútustaðahreppi hafi verið afsalað umræddri varmaskiptastöð til „fullra umráða“. Í því hafi einungis falist að ábyrgð á rekstri stöðvarinnar hafi færst til stefnda sem leigutaka, rekstraraðila og umráðamanns hitaveitumannvirkjanna. Ekki hafi verið um eignarafsal að ræða, enda hefði slíkt ekki verið unnt án aðkomu og samþykkis landeigenda. Eignaréttarlegt tilkall stefnda til hitaveitunnar, þ.m.t. varmaskiptastöðvarinnar, eigi sér enga stöð.
- 17 Samkvæmt framansögðu beri að viðurkenna beinan eignarrétt stefnenda að varmaskiptastöðinni. Vísa stefnendur til 72. gr. stjórnarskrárinnar og meginreglna eignarréttarins kröfu sinni til stuðnings.

Málsástæður stefnda

Krafa um frávísun

- 18 Stefndi vísar til þess að þörf sé á aðild allra eigenda óskipts lands og réttinda Reykjahlíðar, sbr. 2. mgr. 18. gr. eml. Að öðrum kosti skapist óvissa um eignarhald þess hluta sem ekki sé krafist viðurkenningar á, verði fallist á dómkröfu stefnenda.
- 19 Í öðru lagi telur stefndi kröfugerð stefnenda ekki í samræmi við d. lið 80. gr. eml. Ekki sé gerð grein fyrir þeirri eignarhlutdeild sem krafist sé dóms um og myndi það því leiða til óskýrleika um lyktir málsins ef fallist yrði á kröfuna.

- 20 Þá felist óskýrleiki í dómkröfunni að því leyti að þar sé vísað til samninga er varði stöðina og réttarsamband stefnenda við íslenska ríkið. Óljóst sé hvort þessi vísun eigi að vera hluti kröfugerðarinnar sjálfrar, málsástæða að baki eignarréttarkröfunni eða áréttung um kvaðir sem á varmaskiptastöðinni hvíli.
- 21 Í þriðja lagi leiði hluti kröfunnar um þýðingu samninga stefnenda við íslenska ríkið og einnig málsástæður stefnenda til þeirra ályktana að málið varði beinlínis réttarstöðu stefnenda gagnvart íslenska ríkinu. Það kalli bæði á aðild íslenska ríkisins og annarra eigenda hins óskipta lands Reykjahlíðar að málinu. Sjónarmið stefnenda um að bréf iðnaðarráðherra frá 21. mars 1986 hafi ekki þýðingu sem eignarheimild geti leitt til þess að þá verði varmaskiptastöðin talin eign íslenska ríkisins. Aðild ríkisins sé því nauðsynleg. Einnig kæmi aðild Landsvirkjunar til greina en félagið hafi tekið við samningum íslenska ríkisins að ákveðnu marki.
- 22 Í fjórða lagi telji stefndi stefnu jafnframt í ósamræmi við e. lið 80. gr. eml., þar sem málavaxtalýsing dragi öll taum málsstaðar stefnenda og aðgreining málsatvika frá málsástæðum sé ekki eins glögg og verða megi. Í raun sé málsatvikalýsing beinlínis villandi um mikilvæga þætti málsins.
- 23 Í fimmta lagi sé vísað til þess að umrædd varmaskiptastöð hafi haft það hlutverk að tryggja fullnægjandi jarðhitavatn til afhendingar vegna réttar Reykjahlíðar og Voga, en sambærilegir samningar hafi verið gerðir milli eigenda Voga og íslenska ríkisins á árinu 1971 og samningurinn sem gerður var við eigendur Reykjahlíðar. Óskýrleiki dómkröfu um ætlaða hlutdeild stefnenda fjalli ekki um mögulega eignarhlutdeild eigenda Voga sem gæti byggt á sambærilegum sjónarmiðum. Ef til vill sé þó byggt á því að varmaskiptastöðin eigi einungis að verða eign Reykjahlíðar.
- 24 Loks telji stefndi dómkröfu stefnenda um viðurkenningu eignarhalds á varmaskiptastöðinni vera afleidda af þeim málalíbúnaði að þeir eigi hlutdeild í Hitaveitu Reykjahlíðar eða einhverjum ótilgreindum mannvirkjum sem stefnendur vísi til sem „hitaveitunnar“. Dómkrafa stefnenda sé ekki til þess fallin að leysa þann ágreining. Dómkrafan og málalíbúnaður stefnenda leiði því jafnframt til óvissu um stöðu landeigenda Voga, íslenska ríkisins og Landsvirkjunar, með tilheyrandi óskýrleika og óvissu um lögvarða hagsmuni og aðild þessara aðila að málinu.

Krafa um sýknu

- 25 Stefndi kveðst vísa til þess að Hitaveita Reykjahlíðar hafi frá stofnun 1971 verið sérstök stofnun innan sveitarfélagsins Skútustaðahrepps og í fullri eigu sveitarfélagsins. Eignarhald stefnenda á henni komi ekki til álita. Landeigendur hafi aldrei orðið eigendur neinna mannvirkja tengdri hitaveitustarfsemi innan jarðhitasvæðis íslenska ríkisins í landi Reykjahlíðar. Endurgjald ríkisins til landeigenda fyrir jarðhitaréttindi hafi falist í að ríkið hafi skuldbundið sig til að reisa mannvirkin, en ekkert styðji að landeigendur hafi átt að verða eigendur mannvirkjanna.
- 26 Samningur landeigenda við Skútustaðahrepp frá 1971, þar sem vísað sé til landeigenda sem leigusala og hreppsins sem leigutaka, sé ekki fyllilega ljós um þá tilgreiningu á stöðu

aðila. Að mati stefnda sé bersýnilegt að samningurinn varði aðeins aðveitulögn úr asbestpípum utan jarðhitasvæðisins sem landeigendur Reykjahlíðar hafi tekið að sér að leggja í upphafi frá vesturmörkum jarðhitasvæðisins og að Reykjahlíð, en geti ekki tekið til mannvirkja innan jarðhitasvæðis íslenska ríkisins, enda sé einungis vísað til asbestlagnanna í samningnum. Niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 275/2017, varðandi samkynja samning sem gerður hafi verið við landeigendur Voga, staðfesti þann skilning stefnda að samningurinn mæli einungis fyrir um eignarhald landeigenda á upprunalegum lögnum, en stefndi sé eigandi nýrra lagna, sem Hitaveita Reykjahlíðar hafi lagt frá vesturmörkum jarðhitasvæðis íslenska ríkisins. Samningurinn reisa enga stoð undir tilkall landeigenda til annarra mannvirkja sem tilheyra hitaveitunni.

- 27 Hvað varði varmaskiptastöðina sérstaklega þá hafi jarðhitasamningur íslenska ríkisins og landeigenda Reykjahlíðar frá 1971 falið í sér að landeigendum væri tryggður réttur að ákveðnu magni af skiljuvatni sem afhenda skyldi við vesturmörk jarðhitasvæðisins. Skiljuvatnið hafi síðar reynst ónothæft vegna útfellinga sem skapað hafi vandkvæði við hitaveitureksturinn. Ríkið hafi með yfirlýsingu frá 1975 viðurkennt ábyrgð á því að tryggja afhendingu nothæfs vatns, í samræmi við upphaflegan samning við landeigendur.
- 28 Með síðari yfirlýsingu vegna varmaskiptastöðvarinnar frá 1982 hafi Skútustaðahreppur tekið á sig þá skuldbindingu að annast rekstur hennar, viðhald og endurnýjun. Í samræmi við yfirlýsinguna og síðar samkvæmt bréfi iðnaðarráðuneytisins 21. mars 1986 hafi varmaskiptastöðin verið afhent Skútustaðahreppi. Í bréfinu sé notað orðalagið afsal og hafi enginn ágreiningur komið fram um að ríkið hafi afhent eignarrétt að varmaskiptastöðinni til Skútustaðahrepps. Á grundvelli þeirrar forsendu að Skútustaðahreppur ætti varmaskiptastöðina hafi verið gerður samningur um land undir stöðina við landeigendur Reykjahlíðar 20. janúar 1990. Stefndi telji ljóst að hann hafi fullgilda eignarheimild fyrir varmaskiptastöðinni í samræmi við meginreglur eignarréttar og jafnframt hafi komið fram bein viðurkenning af hálfu landeigenda á eignarrétti Skútustaðahrepps að stöðinni. Af þeirri viðurkenningu séu landeigendur bundnir.
- 29 Þá vísi stefndi til þess að í reglugerð fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar, nr. 432/1985, sé kveðið á um eignarhald Hitaveitunnar á mannvirkjum veitunnar.

Athugasemdir stefnenda við frávísunarkröfu

- 30 Stefnendur krefjast þess að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og þeim dæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.
- 31 Mótmæla stefnendur því að málsatvikalýsing sé villandi í stefnu.
- 32 Byggja stefnendur á því að þeim sé unnt að höfða mál þetta án þess að allir landeigendur standi að málshöfðuninni enda beri ekki nauðsyn til samaðildar. Vísa þau í því efni til þess að réttindi sín séu afmörkuð að tiltölu og ekki sé höfð uppi krafa sem varði hagsmuni þeirra sem ekki eigi aðild að málinu, sbr. dóm Landsréttar í máli nr. 723/2019.
- 33 Þá hafna stefnendur því að dómkröfur þeirra séu haldnar ágöllum. Dómkröfur séu skýrar sem og málatilbúnaður allur. Krafast sé viðurkenningar á skráðum hlutfallslegum eignarhlut líkt og gert hafi verið í fyrrgreindu máli fyrir Landsrétti nr. 723/2019. Þó að

eignarhlutfallið sé ekki tilgreint í kröfugerðinni, þá komi það fram í stefnunni. Tilvísun til samninga sem stefnendur leiði eignarrétt sinn af valdi ekki óskýrleika, heldur þvert á móti skýrleika. Þá styðji gögn málsins, málsástæður og lagarök við dómkröfuna.

- 34 Stefnendur hafni því að aðild íslenska ríkisins eða Landsvirkjunar hafi verið nauðsynleg, enda taki kröfugerðin ekki til réttarstöðu þessara aðila, heldur lúti ágreiningur málsins að leiguréttarsamningi á milli stefnenda og stefnda. Hvorki íslenska ríkið né Landsvirkjun líti á varmaskiptastöðina sem sína eign.
- 35 Hvað aðild landeigenda Voga varði, þá hafi þeir sagt upp hitaveitusamningi sínum við Skútustaðahrepp árið 1992. Það hafi verið staðfest með dómi Hæstaréttar í máli nr. 275/2017. Þeir eigi því enga aðild hér.
- 36 Loks eigi stefnendur skýra lögvarða hagsmuni af því að beinn eignarréttur þeirra að varmaskiptastöðinni verði viðurkenndur. Um sé að ræða grundvallarmannvirki hitaveitunnar, sem nauðsynlegt sé að skýrt liggi fyrir hver fari með eignarhald á.

Forsendur og niðurstaða

- 37 Ágreiningur máls þessa lýtur að eignarétti að varmaskiptastöð í Bjarnarflagi, sem er þinglýst eign stefnda, en stefnendur telja sig hins vegar eiga sem hluti eigenda jarðarinnar Reykjahlíðar sem þeir eiga í óskiptri sameign með öðrum.
- 38 Að mati dómsins stendur 2. mgr. 18. gr. eml. því ekki í vegi að stefnendur geti án atbeina sameigenda sinna að óskiptu landi Reykjahlíðar staðið að viðurkenningarkröfu sem aðeins tekur til hlutdeildar þeirra í þeim hagsmunum sem þeir krefjast viðurkenningar á, sbr. úrskurð Landsréttar í máli nr. 723/2019, enda er í málinu ekki höfð uppi krafa um hagsmuni einhvers þeirra sem ekki á aðild að málinu, sbr. 2. ml. 2. mgr. 18. gr. eml. Verður málinu því ekki vísað frá á þessum grundvelli.
- 39 Kemur þá til úrlausnar hvort kröfugerð stefnenda uppfylli áskilnað d-liðar 1. mgr. 80. gr. eml. um skýrleika kröfugerðar. Stefnendur krefjast þess að „*viðurkenndur verði beinn eignarréttur stefnenda, að Varmaskiptastöð í Bjarnarflagi*“ ... „*til samræmis við skráðan hlutfallslegan eignarhlut þeirra sem landeigenda í óskiptu landi Reykjahlíðar, samkvæmt samningi við íslenska ríkið*“ án þess að tilgreina nánar hvaða hlutfall þeir eigi við. Um hlutfallið vísa þeir til „*skráningar*“, án þess að tilgreina hvort með því sé átt við skráðan eignarhlut samkvæmt þinglýsingabókum eða skráðan eignarhlut samkvæmt tilvitnuðum samningi við íslenska ríkið, eins og skilja má af orðalagi kröfugerðarinnar. Lögmaður stefnenda upplýsti við munnlegan málflutning að átt væri við skráningu samkvæmt þinglýsingabókum, en tilvísun til samninga við íslenska ríkið væri í raun málsástæða fyrir beinum eignarétti stefnenda, en þætti vera til frekari skýringar á kröfugerðinni og væri af þeim sökum hluti hennar. Engu að síður væri kröfugerðin í raun hin sama ef textinn „*samkvæmt samningi við íslenska ríkið frá 18. mars 1971 um jarðhitaréttindi og síðari viðaukasamningum frá 1. júlí 1975 og 23. júní 1982*“ væri ekki hluti af kröfugerðinni. Tilvísun stefnenda í kröfugerð sinni til samninga við íslenska ríkið er því í raun hluti málsástæðna fyrir kröfu stefnenda og ætti að réttu lagi að tilheyra málsástæðukafla í stefnu. Að mati dómsins er framangreind framsetning til þess fallin að

valda óskýrleika um kröfugerð stefnenda, sem veldur því að óljóst er hvert viðmið þeirra er um hlutfallslegan eignarrétt í varmastöðinni.

- 40 Þá verður ekki ráðið af kröfugerðinni hvort krafa stefnenda lýtur að því að viðurkenndur verði beinn eignarréttur *sérhvers* stefnenda í samræmi við *eignarhlut viðkomandi* í hinni óskiptu jörð eða hvort átt er við *samanlagðan* eignarhlut stefnenda í hinni óskiptu jörð (81,28245%) eins og hann er tilgreindur í kaflanum „Aðild og fyrirvar“ síðar í stefnunni, eða hvort átt er við að þeir fari saman með 81,28245% eignarhlutar í jörðinni og viðurkenning á eignarrétti þeirra í varmaskiptastöðinni miðist við það, en í kaflanum um aðild segir „*Stefnendur eru 8 talsins og fara saman með 81,28245% eignarhlut í jörðinni*“ líkt og þeir fari með hlutinn í félagi, en ekki hver fyrir sig í samræmi við þau hlutföll sem tilgreind eru sem eignarhluti hvers og eins þeirra í upptalningu síðar í kaflanum. Er þetta til þess fallið að valda enn frekari ruglingi um kröfugerð stefnenda.
- 41 Framangreindu til viðbótar hafa stefnendur hagað málatilbúnaði sínum í stefnu með þeim hætti að þar ægir saman málsatvikum, málsástæðum og staðhæfingum í löngu og oft óhnitmiðuðu máli. Fer þessi framsetning að mati dómsins í bága við fyrirmæli e-liðar 1. mgr. 80. gr. eml. um að lýsing málsástæðna og málsatvika skuli vera svo gagnorð og skýr að ekki fari milli mála hvert sakarefnið er. Þá jaðrar þessi háttur á framsetningu í stefnu við skriflegan málflutning.
- 42 Þrátt fyrir að leiða megi líkur að því af lestri stefnu að stefnendur séu í raun að krefjast viðurkenningar á eignarrétti sérhvers þeirra í umþrætri varmaskiptastöð í hlutfalli við eignarhlut hvers og eins í hinni óskiptu Reykjahlíðarjörð eins og hann er skráður samkvæmt þinglýsingabókum, þá verður kröfugerðin að geta staðið sjálfstætt og orðið grundvöllur að dómsniðurstöðu í málinu. Að mati dómsins er kröfugerð stefnenda samkvæmt framansögðu hins vegar svo óskýr að dómur verður ekki lagður á málið á grundvelli hennar og er því óhjákvæmilegt að vísa málinu frá dómi.
- 43 Eftir úrslitum málsins verður varnaraðilum gert að greiða sóknaraðila málskostnað, sbr. 2. mgr. 130 gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, eins og í dómsorði greinir.

Af hálfu stefnenda flutti málið Guðmundur H. Pétursson lögmaður, en Jón Jónsson lögmaður af hálfu stefnda.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur, Guðrún María Valgeirsdóttir, Sigurður Jónas Þorbergsson, Finnur Sigfús Illugason, R3 ehf., Bryndís Jónsdóttir, Sigurður Baldursson, Sólveig Ólöf Illugadóttir og Kristín Þ. Sverrisdóttir greiði stefnda, Þingeyjarsveit, óskipt 1.200.000 krónur í málskostnað.